

Mál nr. 17/2009

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur á Gullinbrú 08.12. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttækið 16.01. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 29.01. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 02.02. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka aftan á A. Ökumaður A kveðst hafa hægt á ferð bifreiðar sinnar er hann varð var við óhapp framundan. Hann hafi síðan skipt af hægri afkrein yfir á vinstri akrein. Þegar hann hafi verið búinn að aka eftir vinstri akrein nokkra vegalengd hafi B ekið aftan á bifreiðina. Ökumaður B kveðst hafa látið bifreið sína renna í hlutlausum gir eftir vinstri akrein og séð A fara yfir á vinstri akrein. Þá hafi hann reynt að hemla en ekki náð því og lent á A. Félagið telur að B hafi ekki gætt nægjanlegrar varúðar þar sem hann hafi látið bifreið sína renna niður brekkuna í hálku og á svonefndum heilsársdekkjum og hann hafi ekki náð að bregðast við umferðartöfum sem urðu vegna óhapps á akbrautinni.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa skipt um akrein í veg fyrir B.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að skipta um akrein í veg fyrir bifreið sem þar var. Ósannað er að A hafi verið ekið það langt á vinstri akrein að tilefni sé til að leggja ábyrgð á B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 24. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Jón Magnússon hrl.